

MARKLÝSINGAR SÉRNÁMS

Stefna mats- og hæfisnefndar um marklýsingar í sérnámi lækna

Reglugerð nr. 856/2023, um menntun, réttindi og skyldur lækna og skilyrði til að hljóta lækningaleyfi og sérfræðileyfi, kveður á um skipulag og stýringu sérnáms í sérgreinum lækninga. Í 22. – 24. gr. reglugerðarinnar er kveðið á um starfsemi og hlutverk mats- og hæfisnefndar (MHN). Þar kemur m.a. annars fram að nefndin skuli útbúa gæðaviðmið fyrir gerð marklýsinga, sbr. skjalið „Gæðaviðmið um gerð og innihald marklýsinga í sérnámi lækna“.

1.0 Tilgangur og þróun marklýsinga.

Tilgangur marklýsinga er aðallega að tryggja að kröfur yfirvalda um gæði og innihald sérnáms liggja fyrir með skýrum hætti. Marklýsingar eru opinber gögn sem sýna til hvers er ætlast af sérnámi í hverri grein fyrir sig og samstillta þannig væntingar allra haghafa, sjúklinga, nemenda, kennara, stjórnenda og yfirvalda. Sameiginlegt markmið allra haghafa er að sérnám í læknisfræði skili skjólstæðingum heilbrigðiskerfisins framúrskarandi þjónustu í samræmi við metnaðarfull markmið laga um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007. Sértækari tilgangur marklýsinga er sá að hver og einn nemandi geri sér grein fyrir hvaða námsmarkmiðum er ætlast til að náð verði á meðan á náminu stendur. Og að ábyrgðarmenn námsins og kennarar noti marklýsingar sem gæðastjórnunartæki.

Þróun og gerð marklýsinga skal vera í samræmi við þróun sambærilegra marklýsinga á Norðurlöndum eða í Bretlandi og/eða á vegum evrópusamtaka sérfræðilækna (<https://www.uems.eu/european-training-requirements>). Marklýsingar skulu vera hæfnimiðaðar, þannig að skýrt sé yfir hvaða hæfni sérnámslæknir eigi að ráða við lok námsins. Hver og ein heilbrigðisstofnun á Íslandi sem veitir sérnám í læknisfræði, ber ábyrgð á að þróun og gerð marklýsinga sé í samræmi við það sem tíðkast hjá ofangreindum aðilum. Í hverri marklýsingu skal geta þess hvert (eitt eða fleiri) af ofangreindum löndum/samtökum sé haft til fyrirmyndar. Hver og ein heilbrigðisstofnun ber ábyrgð á að þróa marklýsingar í samræmi við breytingar og framfarir í greiningu og meðferð sjúkdóma innan hversrar sérgreinar, og í samræmi við besta árangur lækniþjónustu á alþjóðavísu.

2.0 Ritstýring, samþykki og útgáfa marklýsinga.

Hver og ein heilbrigðisstofnun sem veitir sérnám í læknisfræði ber ábyrgð á gerð, samsetningu, innihaldi, endurskoðun og ritstjórn marklýsinga.

Mats- og hæfisnefnd metur marklýsingar samkvæmt sérstökum gæðaviðmiðum (sbr. skjalið „Gæðaviðmið um gerð og innihaldi marklýsinga í sérnámi lækna“) og skilgreinir þær í þrjá flokka:

1. Ósamþykkt (eða eldri samþykkt afturkölluð).
2. Samþykkt til 2 ára, og skal þá endurskoðuð.
3. Samþykkt til 5 ára, og skal þá endurskoðuð.

3.0 Verkaskipting og ábyrgð við gerð, ritstýringu, samþykkt og útgáfu marklýsinga.


Verk	Ábyrgð
Gerð marklýsingar fyrir sérgrein X, drög 1	Kennslustjóri sérnáms í sérgrein X í samvinnu við yfirlækni sérnáms LSH/ÞH
Umsögn 1	FMRL
Gerð marklýsingar fyrir sérgrein X, Lokadrög	Kennslustjóri sérnáms í sérgrein X í samvinnu við yfirlækni sérnáms LSH
Umsögn 2	FMRL
Lokadrög gefin út	Yfirlæknir sérnáms/skrifstofa sérnáms LSH/ÞH
Samþykki MHN	MHN
Formleg útgáfa	Yfirlæknir sérnáms/skrifstofa sérnáms LSH/ÞH
Lögformleg birting	MHN/EL
Endurskoðun	Kennslustjóri sérnáms í sérgrein X í samvinnu við yfirlækni sérnáms LSH/ÞH
Eftirlit	MHN

MHN = Mats- og hæfisnefnd

FMRL = Framhaldsmenntunarráð
lækninga

ÞH = Þróunarmiðstöð Heilsugæslu

4.0 Ferli gerðar, ritstýringar, samþykktar og útgáfu marklýsing.



RAUTT: Notkun marklýsingar við rekstur sérnáms er ekki heimil
 GULT: Lokadrög, sérnám ekki hafið skv. marklýsingunni
 GRÆNT: Hefja má notkun marklýsingarinnar við rekstur sérnáms

Útgáfudagur: 15.01.25

Endurskoðist eigi síðar en 15.01.26